

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 64,1 ma.kr. en var neikvætt um 75,6 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 18,5 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 10,7 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 71,8 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2007-2011

| | Í milljónum króna | | | | |
|--|-------------------|----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Innheimtar tekjur | 252 998 | 264 163 | 226 744 | 260 959 | 242 467 |
| Greidd gjöld | 203 826 | 237 062 | 308 636 | 318 084 | 307 356 |
| Tekjujöfnuður | 49 172 | 27 101 | -81 892 | -57 124 | -64 889 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | -5 248 | - 201 | -9 342 | -18 515 | 824 |
| Handbært fé frá rekstri | 37 788 | 26 847 | -91 234 | -75 639 | -64 065 |
| Fjármunahreyfingar | -60 165 | 8 603 | 9 986 | -32 036 | 55 169 |
| Hreinn lánsfjárfjöfnuður | -22 377 | 35 450 | -81 248 | -107 675 | -8 896 |
| Afborganir lána | -26 465 | -37 941 | -72 736 | -136 252 | -126 946 |
| Innanlands | -12 266 | -22 656 | -72 736 | -72 776 | -56 095 |
| Erlendis | -14 199 | -15 285 | - | -63 476 | -70 851 |
| Greiðslur til LSR og LH | -2 310 | -2 310 | - | - | - |
| Lánsfjárfjöfnuður, brúttó | -51 152 | -4 801 | -153 984 | -243 927 | -135 842 |
| Lántökur | 43 292 | 103 376 | 144 011 | 254 903 | 207 619 |
| Innanlands | 40 171 | 77 775 | 136 585 | 121 945 | 78 487 |
| Erlendis | 3 121 | 25 601 | 7 425 | 132 958 | 129 132 |
| Breyting á handbæru fé | -7 860 | 98 575 | 9 973 | 10 976 | 71 777 |

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 242,5 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og eru það 7,5% minni tekjur en skiluðu sér á sama tíma í fyrra. Frávikið skýrist einkum af minni tekjum af sölu eigna, þar sem að í júní 2010 var bókfærður söluhagnaður vegna svonefnds Avenssamkomulags. Innheimtar tekjur í ár voru þó meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, eða 3,6 ma.kr. meiri, sem einkum má rekja til meiri tekjuskatts einstaklinga og fjármagnstekjuskatts en reiknað var með.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 224,3 ma.kr. samanlagt frá janúar til júlí sem er aukning um 0,1% frá fyrra ári og 2,8% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af var bókfærður tekjuskattur einstaklinga 52,9 ma.kr. sem er aukning um 3% frá sama tíma árið 2010 og 5,5% yfir tekjuáætlun. Launahækkningar og eingreiðslur í kjölfar nýrra kjarasamninga komu í mörgum tilvikum til greiðslu í júní og júlí og er tekjuskattur einstaklinga því töluvert hærri í þessum tveimur mánuðum en verið hefur. Gert var ráð fyrir kjarasamningum á árinu í


tekjuáætlun fjárlaga en ekki að greiðslur yrðu svo miklar á þessum tímapunkti. Þá vege nýir kjarasamningar upp lægri tekjuskattsprósentu vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun, en samhliða honum var útsvar hækkað um 1,2% og tekjuskattur lækkaður á móti. Þess ber þó að geta að í júlí og ágúst fer fram uppgjör milli ríkissjóðs og einstaklinga á grundvelli álagningar á tekjur fyrra árs, og er nú ljóst að hluti endurgreiðslna úr ríkissjóði, sem í áætlun var reiknað með að bókfærðist í júlí, verður bókfærður í ágúst og mun frávikið frá áætlun þá minnka. Sé litið til samanlagðra skila launagreiðenda í staðgreiðslukerfinu á bæði tekjuskatti og útsvari er 9,5% aukning milli ára á fyrstu sjö mánuðum ársins, en á sama tíma hækkaði skatthlutfallið í staðgreiðslu um 0,09 prósentu-stig. Aukningin milli ára virðist því að mestu leyti stafa af hækkun tekjuskattsstofnsins í krónum talið. Er þar um að ræða staðgreiðslukerfið eingöngu, án nokkurra áhrifa af uppgjöri fyrra árs. Tekjuskattur lögaðila nam 8,3 ma.kr. sem er aukning um 17,4% frá því í fyrra og 4,3% yfir áætlun fjárlaga. Þá var innheimtur fjármagnstekjuskattur 21,3 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 4,9% aukning frá sama tíma í fyrra og 3,8 ma.kr. umfram áætlun. Hér er um að ræða skatt af fjármagnstekjum á síðasta fjórðungi ársins 2010 og á fyrsta ársfjórðungi í ár, og einnig var gjalddagi annars ársfjórðungs í júlí en innheimtan fremur lítil. Reikna má með að þær tekjur skili sér á eindaga í ágúst. Eignarskattar námu 2,6 ma.kr. og jukust um 4,4% frá því í fyrra, þar af námu stimpilgjöld 1,6 ma.kr. sem er aukning um 2,5% á milli ára.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2009-2011

| | Milljónir króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|--------------------------------------|-----------------|----------------|----------------|---------------------------|--------------|-------------|
| | 2009 | 2010 | 2011 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Skatttekjur og tryggingagjöld | 197 104 | 224 199 | 224 315 | -18,1 | 13,7 | 0,1 |
| Skattar á tekjur og hagnað | 84 334 | 78 722 | 82 487 | -11,4 | -6,7 | 4,8 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 46 453 | 51 320 | 52 851 | -13,6 | 10,5 | 3,0 |
| Tekjuskattur lögaðila | 9 161 | 7 095 | 8 331 | -40,6 | -22,5 | 17,4 |
| Skattur á fjármagnstekjur | 28 721 | 20 307 | 21 306 | 10,4 | -29,3 | 4,9 |
| Eignarskattar | 2 874 | 2 458 | 2 567 | -43,4 | -14,5 | 4,4 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 83 722 | 102 741 | 96 281 | -24,6 | 22,7 | -6,3 |
| Virðisaukaskattur | 56 403 | 69 651 | 61 942 | -29,1 | 23,5 | -11,1 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 1 192 | 944 | 1 541 | -79,9 | -20,8 | 63,2 |
| Vörugjöld af bensíni | 5 844 | 6 578 | 6 548 | 13,3 | 12,6 | -0,5 |
| Skattar á olíu | 3 636 | 3 738 | 3 726 | -9,8 | 2,8 | -0,3 |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald | 7 653 | 8 369 | 8 765 | 13,1 | 9,4 | 4,7 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 8 994 | 13 460 | 13 759 | -6,0 | 49,7 | 2,2 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 2 776 | 3 740 | 3 695 | -28,4 | 34,7 | -1,2 |
| Aðrir skattar | 1 708 | 2 079 | 2 128 | 11,4 | 21,7 | 2,4 |
| Tryggingagjöld | 21 690 | 34 459 | 37 158 | -9,4 | 58,9 | 7,8 |
| Fjárframlög | 350 | 320 | 499 | 68,8 | -8,4 | 55,9 |
| Aðrar tekjur | 29 174 | 18 092 | 17 432 | 38,6 | -38,0 | -3,7 |
| Sala eigna | 426 | 19 493 | 220 | - | - | - |
| Tekjur alls | 227 054 | 262 104 | 242 467 | -14,0 | 15,4 | -7,5 |

Skattar á vöru og þjónustu námu 96,3 ma.kr. frá janúar til júlí sem er 6,3% samdráttur frá árinu 2010 og 1,3% lægri upphæð en gert var ráð fyrir að innheimtist í fjárlögum fyrir árið 2011. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er lækkunin 13,4% umfram verðlag (sjá mynd).

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og nam hann 61,9 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins. Það er samdráttur um 11,1% að nafnvirði frá sama tíma í fyrra sem stafar að mestu af 6,8 ma.kr. sem áttu að koma til innheimtu í júlí en frestast yfir í ágúst mánuð. Þetta er vegna auka greiðslufrests í tolli, en fresta mátti helmingsgreiðslu virðisaukaskatts af innflutningi um einn mánuð. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattanna. Ef tekið er mið af innheimtugögnum má lauslega áætla að eldsneytisskattstofnarnir tveir hafi dregist saman um 7,4% (bensín) og 3,9% (olíu). Tekjur af áfengisgjaldi voru 3% meiri en í fyrra en 1,9% minni en reiknað var með. Þá voru tekjur af tóbaksgjaldi 8,4% meiri en á sama tíma 2010 og í samræmi við áætlun fjárlaga. Skattstofn áfengisgjalds dróst saman um 3,9% (áfengislítrar) og tóbaksgjalds um 6,6% (sígarettur). Vörugjöld af ökutækjum eru sá tekjuliður sem hefur aukist einna mest, eða um 63,2% á milli ára enda hafa nýskráningar bíla aukist töluvert á fyrstu sjö mánuðum ársins en stór hluti þeirra er skráður í notkunarflokkinn bílaleiga.

Tekjur af tryggingagjaldi voru 37,2 ma.kr. sem er aukning um 7,8% frá sama tíma 2010 og 1,8% yfir áætlun fjárlaga, en kjarasamningar höfðu veruleg áhrif á þær í júní og júlí. Þá námu tollar og aðflutningsgjöld 3,7 ma.kr. sem er litlu meira en reiknað var með. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 17,4 ma.kr. sem er 660 m.kr. samdráttur frá sama tíma árið 2010 og 2,5 ma.kr. undir áætlun. Þetta skýrist að mestu leyti af því að fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 6 ma.kr. tekjufærslu í maí og júlí, vegna fjármögnunar á sérstakri vaxtaniðurgreiðslu, en þær tekjur hafa ekki skilað sér ennþá. Þá voru tekjur af sölu eigna 220 m.kr. en þær voru 19,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra þegar Avens-samkomulagið var gert.

Greidd gjöld námu 307,4 ma.kr. og drógust saman um 10,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,4%. Greidd gjöld voru einnig innan fjárheimilda tímabilsins um 3,3 ma.kr. eða 1,1%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 6,3 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 812 m.kr. innan heimilda. *Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu* jukust lítillega á milli ára en voru 2,9 ma.kr. innan fjárheimilda. *Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála* voru 4,6 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2010. Jafnframt voru þau 4,1 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. *Útgjöld vegna Lífeyristrygginga* jukust um 5,3 ma.kr. milli ára og voru einnig um 3,4 ma.kr. umfram heimildir. Greiddar vaxtabætur voru 6,3 ma.kr. hærri en á fyrra ári sem skýrist að mestu með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð rúmlega 6 ma.kr. Á móti drógust útgjöld saman um 6,2 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur 1,6 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 382 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs 705 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála stóðu nánast í stað á milli ára en voru 1,9 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala drógust saman um 196 m.kr. milli ára en voru 1,7 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá stóðu útgjöld vegna Sjúkratrygginga í stað milli ára en þrátt fyrir það eru þau 1,1 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. *Útgjöld til efnahags- og atvinnumála* drógust saman milli ára um 4,3 ma.kr. og voru jafnframt 4,5 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 3,5 ma.kr. milli ára og eru jafnframt 1,2 ma.kr. innan heimilda. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 609 m.kr. *Útgjöld til menntamála* voru 2,2 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 675 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna skýra þetta að mestu leyti en þau voru 1,4 ma.kr. lægri en í fyrra en voru í takti við heimildir. *Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála* voru 105 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru 453 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 304 m.kr. á milli ára en voru 243 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Fjárfestingar Landhelgisjóðs dragast verulega saman milli ára en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 358 m.kr. innan heimilda en aukast um 186 m.kr. milli ára. *Útgjöld til umhverfisverndar* dragast lítillega saman milli ára og voru 309 m.kr. innan áætlana. *Útgjöld til Varnarmála* drógust saman um 191 m.kr. milli ára en voru í jafnvægi við heimildir tímabilsins. *Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála* drógust saman um 125 m.kr. milli ára og voru 122 m.kr. innan heimilda tímabilsins. *Óregluleg útgjöld* drógust saman um 2,8 ma.kr. milli ára en voru 712 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna ríkisábyrgða sem voru gjaldfærðar þarna í fyrra en flokkast nú með vaxtagjöldum. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs svipaður og á fyrra ári en var 391 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2009-2011

| | Milljónir króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | |
|-------------------------------------|-----------------|----------------|----------------|---------------------------|-------------|
| | 2009 | 2010 | 2011 | 2010 | 2011 |
| Vaxtagreiðslur | 34 060 | 50 433 | 44 098 | 48,1 | -12,6 |
| Almenn opinber þjónusta | 25 525 | 25 184 | 25 798 | -1,3 | 2,4 |
| Varnarmál | 891 | 905 | 714 | 1,6 | -21,1 |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 13 687 | 10 272 | 10 576 | -25,0 | 3,0 |
| Efnahags- og atvinnumál | 36 910 | 33 419 | 29 134 | -9,5 | -12,8 |
| Umhverfisvernd | 2 430 | 2 638 | 2 531 | 8,6 | -4,1 |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál | 365 | 377 | 252 | 3,3 | -33,2 |
| Heilbrigðismál | 66 428 | 64 604 | 64 553 | -2,7 | -0,1 |
| Menningar- íþróttá- og trúmál | 11 355 | 9 596 | 9 491 | -15,5 | -1,1 |
| Menntamál | 28 330 | 30 973 | 28 750 | 9,3 | -7,2 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 81 516 | 80 383 | 84 971 | -1,4 | 5,7 |
| Óregluleg útgjöld | 7 139 | 9 301 | 6 490 | 30,3 | -30,2 |
| Gjöld alls | 308 636 | 318 084 | 307 356 | 3,1 | -3,4 |

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 8,9 ma.kr. sem er 98,8 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári.

Afborganir af lánum ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins námu rúmum 126,9 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 56,1 ma.kr. og er þar aðallega um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júlí að fjárhæð 53,4 ma.kr. Afborganir erlendra skulda námu tæplega 70,9 ma.kr. þar sem uppkaup ríkissjóðs í maí sl. námu 65,6 ma.kr.

Lántökur námu 207,6 ma.kr. þar af voru lántökur innanlands fyrir um 78,5 ma.kr. Gefin voru út ríkisverðbréf fyrir 95,5 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 17 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 milljarður dollara, að jafnvirði 116,9 ma.kr. Þá var endurmat gjaldeyrisreikninga í lok júní 12,2 ma.kr.